

HEILBRIGÐISNEFND
HAFNARFJARÐAR- OG KÓPAVOGSSVÆÐIS
180. fundur – 27. maí 2013

Fundargerð

Fundur var haldinn í heilbrigðisnefnd Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis, mánudaginn 27. maí 2013. Fundarstaður skrifstofa heilbrigðiseftirlitsins að Garðatorgi 7, Garðabæ. Fundurinn hófst kl. 17.00. Mættir voru undirritaðir nefndarmenn auk Páls Stefánssonar, heilbrigðisfulltrúa og Guðmundar H. Einarssonar, framkvæmdastjóra, sem ritaði fundargerð. Steingrímur Steingrímsson boðaði forföll og hans stað mætti Þór Ásgeirsson.

Fundargerð 179. fundar heilbrigðisnefndar frá 22. apríl 2013 lögð fram.

1 Fundargerð 158. starfsmannafundar frá 22. maí 2013

1.1 Starfsleyfi

Garðabær

1.1.1 Asparlundur 9, Garðabær, heimagisting

Lögð fram umsókn Eyglóar S. Steindórsdóttur, kt. 201162-3519, dags. 6.05.2013, þar sem sótt er um leyfi fyrir allt að 10 gesti í heimagistingu að Asparlundi 9, Garðabæ. Húshluti: neðri hæð í sérbyli. Ný starfsemi. Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 4 ára með fyrirvara um að starfsemin sé í samræmi við samþykktu notkun fasteignar.

1.1.2 Fálkastígur 4, Garðabær, heimagisting

Lögð fram umsókn Elnu Bjartmarsdóttur, kt. 131050-2409, dags. 8.05.2013, þar sem sótt er um leyfi fyrir heimagistingu að Fálkastíg 4, Garðabæ. Húshluti: sérbyli. Endurútgáfa. Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 28.05.2019 fyrir allt að 6 manns í heimagistingu með fyrirvara um að starfsemin sé í samræmi við samþykktu notkun fasteignar.

1.1.3 Kirkjulundur 3, Garðabær – samkomusalur

Lögð fram umsókn Péturs M. Hanna f.h. Vídalínskirkju, kt. 570169-5649, dags. 23.04.2013, þar sem sótt er um leyfi fyrir samkomusal í Vídalínskirkju við Kirkjulund 3, Garðabæ. Húshluti: samkomusalur. Ný starfsemi. Með vísun til ákvæða matvæla- hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um endurbætur sbr. eftirlitsskýrslu.

Hafnarfjörður

1.1.4 Bæjarhraun 2, Hafnarfjörður, hæfingarstöð

Lögð fram umsókn Höllu Stefánsdóttur f.h. Hafnarfjarðarbæjar., kt. 590169-7579, dags. 4.04.2013, þar sem sótt er um leyfi fyrir hæfingarstöð að Bæjarhrauni 2, Hafnarfirði. Húshluti: 01 0101. Eigendaskipti. Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um að starfsemin sé í samræmi við samþykktu notkun fasteignar.

1.1.5 Hringhella 3, Hafnarfjörður, endurvinnsla á úrgangi

Lögð fram umsókn Haraldar Þórs Ólasonar, f.h. Furu ehf, kt. 621281-1009, dags. 14.05.2013, þar sem sótt er um leyfi til framleiðslu á viðarspæni að Hringhelli 3, Hafnarfirði. Húshluti: 07 0101. Ný starfsemi. Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um að starfsemin sé í samræmi við samþykktu notkun fasteignar.

1.1.6 Kirkjuvellir 3, Hafnarfjörður, daggæsla

Lögð fram umsókn Lindu B. Lýðsdóttur, kt. 130965-4159, dags. 24.04.2013, þar sem sótt er um leyfi fyrir daggæslu fyrir allt að 10 börn á 4. hæð að Kirkjuvöllum 3, Hafnarfirði.

Húshluti: 01 0403. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 4 ára með fyrirvara um að starfsemin sé í samræmi við samþykktu notkun fasteignar.

1.1.7 Klausturhvammur 8, Hafnarfjörður, daggæsla

Lögð fram umsókn Þóru Jónínu Hjálmarsdóttur, kt. 090977-5399, dags. 22.04.2013, þar sem sótt er um leyfi fyrir daggæslu fyrir allt að 10 börn að Klausturhvammi 8, Hafnarfirði.

Húshluti: sérþýli. Endurútgáfa.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er samþykkt endurútgáfa starfsleyfis til 28.08.2023.

1.1.8 Linnetsstígur 2, Hafnarfjörður, kaffihús

Lögð fram umsókn Raket Sverrisdóttir, f.h. Luisa M ehf., kt. 650311-0780, dags. 23.05.2013, þar sem sótt er um leyfi fyrir rekstur lítils kaffihúss að Linnetsstíg 2, Hafnarfirði. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um að starfsemin sé í samræmi við samþykktu notkun fasteignar.

1.1.9 Óseyrarbraut 5, Hafnarfjörður, fiskvinnsla

Lögð fram umsókn Bjarna M. Heimissonar f.h. S. Iceland ehf, kt. 660271-0159, dags.

30.04.2013, þar sem sótt er um leyfi til reksturs fiskvinnslu að Óseyrarbraut 5, Hafnarfirði.

Húshluti: jarðhæð. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um að starfsemin sé í samræmi við samþykktu notkun fasteignar og að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

1.1.10 Skútahraun 11, Hafnarfjörður, stálsmiðja

Lögð fram umsókn Jóns Þórs Sigurðssonar f.h. Teknís ehf., kt.690110-1050, dags.

14.05.2013, þar sem sótt er um leyfi fyrir stálsmiðju að Skútahrauni 11, Hafnarfirði.

Húshluti: 01 0102. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um að starfsemin sé í samræmi við samþykktu notkun fasteignar og að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

1.1.11 Stakkahraun 1, Hafnarfjörður, sportbar

Lögð fram umsókn Magnúsar Jónssonar f.h. All in sportbar ehf., kt. 490413-2270, dags.

12.04.2013, þar sem sótt er um leyfi fyrir sportbar að Stakkahrauni 1, Hafnarfirði.

Húshluti: 01. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um að starfsemin sé í samræmi við samþykktu notkun fasteignar.

1.1.12 Suðurgarður Hafnarfjarðarhöfn, Hafnarfjörður – niðurrif á skipi

Lögð fram umsókn Úlfars Haraldssonar, f.h. Furu ehf., kt. 621281-1009, dags. 16.05.2013, þar sem sótt er um leyfi til niðurrifs á togaranum OBSHA í Hafnarfjarðarhöfn, Hafnarfirði.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er mælt með tímabundnu starfsleyfi til fjöggra mánaða með fyrirvara um hávaðavarnir og tímamörk við vinnu vegna nálægðrar íbúðabyggingar.

Kópavogur

1.1.13 Bæjarlind 6, Kópavogur - tannlæknastofa

Lögð fram umsókn Vilhjálms Þ. Vilhjálmssonar f.h. V.Þ. Vilhjálmsson slf., kt. 600112-1120 dags. 22.04.2013, þar sem sótt er um leyfi til rekstur tannlæknastofu að Bæjarlind 6, Kópavogi.

Endurútgáfa

Með vísun til ákvæða mengunar- og hollustuháttareglugerða er endurútgáfa starfsleyfis samþykkt til 18.01.2021.

1.1.14 Búðakór 1, Kópavogur – veitingastaður

Lögð fram umsókn Lárusar Jónssonar fh. Leikins ehf., kt. 660213-0900, dags. 24.05.2013, þar sem sótt er um leyfi til reksturs kráar að Búðarkór 1, Kópavogi. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um að starfsemin sé í samræmi við samþykktu notkun fasteignar og að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

1.1.15 Grænatún 1, Kópavogur – sólbaðsstofa

Lögð fram umsókn Björgvins Þorsteinssonar f.h. Sólbaðsstofunnar Sportsólar ehf., kt. 531011-0150, dags. 24.05.2013, þar sem sótt er um leyfi til reksturs sólbaðsstofu að Grænatún 1, Kópavogi. Eigendaskipti.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um að starfsemin sé í samræmi við samþykktu notkun fasteignar.

1.1.16 Hamraborg 10, Kópavogur - tannlæknastofa

Lögð fram umsókn Inga Kr. Stefánssonar, f.h. Ingitann slf., kt. 640113-0300, dags. 23.04.2013, þar sem sótt er um leyfi til reksturs tannlæknastofu að Hamraborg 10, Kópavogi.

Húshluti: 01 0501. Endurútgáfa

Með vísun til ákvæða mengunar- og hollustuháttareglugerða er endurútgáfa starfsleyfis samþykkt til 26.03.2016.

1.1.17 Laufbrekka 30, Kópavogur - dreifing á fæðubótaefnum

Lögð fram umsókn Rúnars Páls Gígja, f.h. Mamma veit best ehf., kt.520110-0700, dags. 22.04.2013, þar sem sótt er um leyfi til reksturs heildverslunar að Laufbrekku 30, Kópavogi. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um að starfsemin sé í samræmi við samþykktu notkun fasteignar og að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

1.1.18 Smáratorg 1, Kópavogi - verslun með fæðubótarefni

Lögð fram umsókn Sigurbjörns Gunnarssonar, fh. Lyfja hf., kt. 531095-2279, dags.30.04.2013, þar sem sótt er um leyfi til reksturs matvöruverslunar með fæðubótarefni o.fl. að Smáratorgi 1, Kópavogi. Breyting á húsnæði.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára, með fyrirvara um að starfsemin sé í samræmi við samþykktu notkun fasteignar og að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

1.1.19 Smáratorg 1, Kópavogi - verslun með heilsuvörur

Lögð fram umsókn Sigurbjörns Gunnarssonar, fh. Lyfja hf., kt. 531095-2279, dags.30.04.2013, þar sem sótt er um leyfi til reksturs verslunar með matvörur (heilsuvörur) að Smáratorgi 1, Kópavogi. Breyting á húsnæði.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára, með fyrirvara um að starfsemin sé í samræmi við samþykktu notkun fasteignar og að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

1.1.20 Smiðjuvegur 10, Kópavogur - bílaverkstæði

Lögð fram umsókn Ægis Jónssonar f.h. Bílfix ehf., kt. 440712-1180 dags. 23.04.2013, þar sem sótt er um leyfi til reksturs bifreiðaverkstæðis að Smiðjuvegi 10, Kópavogi.

Húshluti: 01 0001. Ný starfsemi.

Fyrir liggur eftirlitsskýrsla dags. 23.04.2013.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um að starfsemin sé í samræmi við samþykktu notkun fasteignar.

1.1.21 Vesturvör 11, Kópavogur - prentsmiðja

Lögð fram umsókn Stefaníu Flosadóttur, f.h. Prenttækni ehf., kt.690589-1769, dags.

18.04.2013, þar sem sótt er um leyfi til reksturs prentsmiðju að Vesturvör 11, Kópavogi.

Endurnýjun

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

1.2 Umsagnir

Garðabær

1.2.1 Asparlundur 9, Garðabær- heimagisting, rekstrarleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins í Hafnarfirði dags. 16.05.2013, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Eyglóar S. Steinsdóttur, kt. 201162-3519, þar sem sótt er um rekstrarleyfi fyrir heimagistingu í flokki I að Asparlundi 9, Garðabæ. Sjá lið 1.1

Eftirfarandi bókun var samþykkt:

“Heilbrigðisnefnd samþykkti 27.05.2013 starfsleyfi til reksturs heimagistingar skv. hollustuháttarreglugerð. Í fyrirbyggjandi umsókn er sótt um rekstrarleyfi, samkvæmt I. flokki reglugerðar nr. 585/2007. Mat m.t.t. grenndaráhrifa er að ólíklegt verði að teljast, að hávaði frá starfsemi valdi ónæði í nágrenninu. Mælt er með veitingu rekstrarleyfis fyrir heimagistingu.”

Hafnarfjörður

1.2.2 Ásvellir, Íþróttamiðstöð, Hafnarfjörður - tækifærisleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins í Hafnarfirði, dags. 10.05.2013, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Knattspyrnufélags Hauka, kt. 600169-0419, þar sem sótt er um tækifærisleyfi fyrir dansleik, sem haldin verður í íþróttasal Ásvalla, þann 11.05.2013 frá kl. 22.00 – 03.00 fyrir 800 manns.

Jákvæð umsögn var staðfest.

1.2.3 Reykjavíkurvegur 60, Hafnarfjörður – krá, rekstrarleyfi

Lagt fram erindi sýslumannsins í Hafnarfirði, dags. 13. maí 2013, þar sem óskað er umsagnar um umsókn JM veitinga ehf. kt. 540709-0330, þar sem sótt er um endurnýjun á rekstrarleyfi fyrir veitingahúsið Iris pub, Reykjavíkurvegi 60, Hafnarfirði

Eftirfarandi samþykkt var gerð:

Heilbrigðisnefnd samþykkti þann 31. ágúst 2009 leyfi til reksturs kráar að Reykjavíkurvegi 60, Hafnarfirði. Í fyrirbyggjandi umsókn er sótt um rekstrarleyfi, samkvæmt III. flokki reglugerðar nr. 585/2007. Mat m.t.t. grenndaráhrifa er að ólíklegt verði að teljast, að hávaði frá starfsemi valdi ónæði í nágrenninu. Mælt er með veitingu rekstrarleyfis fyrir krá.”

1.2.4 Stakkahraun 1, Hafnarfjörður - skemmtistaður, rekstrarleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins í Hafnarfirði, dags. 18.04.2013, þar sem óskað er umsagnar á umsókn All in sportbar ehf, kt. 490413-2270, þar sem sótt er um rekstrarleyfi fyrir skemmtistað í að Stakkahrauni 1, Hafnarfirði. Sjá lið 1.10

Eftirfarandi samþykkt var gerð:

“Heilbrigðisnefnd samþykkti 27.05.2013 starfsleyfi til reksturs skemmtistaðar skv. hollustuháttarreglugerð. Í fyrirbyggjandi umsókn er sótt um rekstrarleyfi, samkvæmt III. flokki reglugerðar nr. 585/2007. Mat m.t.t. grenndaráhrifa er að ólíklegt verði að teljast, að hávaði frá starfsemi valdi ónæði í nágrenninu. Mælt er með veitingu rekstrarleyfis fyrir skemmtistað.

Kópavogur

1.2.5 Búðakór 1, Kópavogur - veitingahús, rekstrarleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins í Kópavogi dags. 30.04.2013, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Leikinn ehf, kt. 660213-0900, þar sem sótt er um rekstrarleyfi fyrir veitingastað að Búðakór 1, Kópavogi.

Eftirfarandi samþykkt var gerð:

Heilbrigðisnefnd samþykkti 27.05.2013 starfsleyfi til reksturs veitingastaðar skv. matvæla- og hollustuháttarreglugerð. Í fyrirbyggjandi umsókn er sótt um rekstrarleyfi, samkvæmt III. flokki reglugerðar nr. 585/2007. Mat m.t.t. grenndaráhrifa er að ólíklegt verði að teljast, að hávaði frá starfsemi valdi ónæði í nágrenninu. Mælt er með veitingu rekstrarleyfis fyrir krá”.

1.2.6 Grundarsmári 1, Kópavogur - heimagisting, rekstrarleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins í Kópavogi dags. 30.04.2013, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Sigríðar M. Beinteinsdóttur kt.260762-2069, þar sem sótt er um rekstrarleyfi fyrir heimagistingu í flokki I að Grundarsmára 1, Kópavogi.

Lagður fram tölvupóstur frá sýslumanninum í Kópavogi 21.05.2013 þar sem umsókn er afturkölluð.

1.2.7 Hagasmári 1, Kópavogur - veitingastofa, rekstrarleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins í Kópavogi dags. 21.05.2013, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Meira fjör ehf, kt. 710311-1290, þar sem sótt er um breytingu á fyrra rekstrarleyfi fyrir veitingastað í flokki II með útiveitingum á staðnum að Hagasmára 1, Kópavogi.

Eftirfarandi samþykkt var gerð:

„Heilbrigðisnefnd samþykkti 26.09.2011 starfsleyfi til rekstur barnagæslu, rekstri leiktækja og minniháttar veitingasölu skv. matvæla og hollustuháttarreglugerðum. Í fyrirliggjandi umsókn er sótt um viðbót við rekstrarleyfi, samkvæmt II. flokki reglugerðar nr. 585/2007. Mat m.t.t. grenndaráhrifa er að ólíklegt verði að teljast, að hávaði frá starfsemi valdi ónæði í nágrenninu. Jákvæð umsögn er veitt varðandi ósk um viðbót við rekstrarleyfið.”

1.2.8 Hamraborg 14a, Kópavogur - veitingahús, rekstrarleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins í Kópavogi dags. 30.04.2013, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Tania ehf, kt. 470909-1610, þar sem sótt er um breytingu á fyrra rekstrarleyfi fyrir veitingastað í flokki II að Hamraborg 14a, Kópavogi.

Eftirfarandi samþykkt var gerð:

„Heilbrigðisnefnd samþykkti 3.4.2012 starfsleyfi til reksturs veitingastaðar skv. matvæla- og hollustuháttarreglugerð. Í fyrirliggjandi umsókn er sótt um rekstrarleyfi, samkvæmt II. flokki reglugerðar nr. 585/2007. Mat m.t.t. grenndaráhrifa er að ólíklegt verði að teljast, að hávaði frá starfsemi valdi ónæði í nágrenninu. Mælt er með veitingu rekstrarleyfis fyrir veitingastað.”

1.3 Tóbaksleyfi

1.3.1 The English Pub, Hafnarfjörður – pub

Lögð fram umsókn Norður og niður ehf., kt. 560708-0840, dags. 21.05.2013, þar sem sótt er um leyfi til tóbakssölu á The English Pub, Flatahrauni 5a, Hafnarfjörður Leyfisveiting staðfest.

1.4 Annað

1.4.1 Eftirlitsverkefni, sjálfsafgreiðslubarir

Lagðar fram niðurstöður úr eftirlitsverkefni Matvælastofnunar og heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga 2012, með sjálfafgreiðslubörum þar sem seld eru matvæli.

1.4.2 Eftirlitsverkefni, rekjanleiki og innköllun

Lagðar fram niðurstöður úr eftirlitsverkefni Matvælastofnunar og heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga 2012, meðrekjanleika og innköllun matvæla.

2 Skipulagsmál

2.1 Bolaöldu. Akstursæfingasvæði og vélhjólaakstursbrautir

Lagt fram erindi Skipulagsstofnunar frá 16. apríl 2013, þar sem óskað er umsagnar um tilkynningu vegna framkvæmda við akstursæfingasvæði og vélhjólaakstursbrautir við Bolaöldur með vísun til laga um mat á umhverfisáhrifum.

Lagt fram erindi heilbrigðiseftirlits til Skipulagsstofnunar, dags. 7. maí 2013 og tölvupóstur frá Skipulagsstofnun, dags. 13. maí 2013, þar sem óskað er viðbragða við svörum framkvæmdaraðila.

Eftirfarandi bókun var gerð:

„Heilbrigðisnefnd staðfestir umsögn um að boðuð framkvæmd eigi að fara í umhverfismat.”

2.2 Kópavogur. Aðgerðaráætlun gegn hávaða 2013-2018

Lagt fram erindi Kópavogsbæjar frá 13. maí 2013 þar sem kynnt eru drög að aðgerðaráætlun í hávaðamálum 2013-2018. Kortlagning hávaða í Kópavogi er kynnt á vef Umhverfisstofnunar. http://www.ust.is/library/Skrar/Atvinnulif/Hollustuhaettir/Havadakort/Greinargerdir/Greinarger%C3%B0_K%C3%B3pavogur.pdf

Lagt fram erindi Kópavogsbæjar frá 27. maí 2013 þar sem óskað er umsagnar um áætlunina. Eftirfarandi bókun var gerð:

„Heilbrigðisnefnd lýsir ánægju með gerð áætlunarinnar og felur heilbrigðiseftirlitinu að koma athugasemum við einstaka þætti á framfæri.”

3 Vatnsverndarsvæði, bráðamengun

3.1 Bláfjallavegur, óhapp við olíuflutninga

Þann 8. maí 2013 var verið að vinna að flutningi ýmissa aðfanga með þyrlu frá bílplani við Bláfjallaveg. Um 600 lítra plastolíutankur með díselolíu féll þá á bílastæðið með þeim afleiðingum að olía rann niður.

Heilbrigðisnefnd gerði eftirfarandi samþykkt:

„Heilbrigðisnefnd harmar það mengunarslys sem varð við Bláfjallaveg þann 8. maí s.l. Verið var að flytja tank með 600 lítra af díselolíu neðan í þyrlu að ferðaþjónustu við Þríhnúk. Tankurinn féll niður úr nokkra metra hæð. Kom hann niður á bílastæði og brotnaði með þeim afleiðingum að olía rann niður. Mildi var að ekki varð slys á fólki. Með hreinsunaraðgerðum náðist að hreinsa upp verulegan hluta þeirra olíu sem fór niður. Árangurinn má annars vegar rekja til góðra aðstæðna á slysstað en ekki síður til aðgerða þeirra sem að hreinsun stóðu, þ.e. slökkviliðs og framkvæmdaraðila. Með samstilltum aðgerðum tókst að lágmarka hugsanlegt tjón. Í ljósi ríkra vatnsverndarhagsmuna og almennrar umræðu eftir slysið, hefur heilbrigðisnefnd látið taka saman ítarlega skýrslu um atvikið og úrbætur sem nauðsynlegar eru vegna vaxandi starfsemi og útivistar”.

3.2 Minnisblað Þríhnjúka vegna óhapps við olíuflutninga

Lagt fram minnisblað frá VSÓ Ráðgjöf, dags. 13.05.2013 vegna óhapps við olíuflutning þann 8. maí 2013.

Fram kemur m.a. að unnið verður að ýmsum rannsóknum og mælingum í Þríhnúkagíg í sumar líkt og undanfarin ár. Samhliða verður ferðamönnum gefinn kostur á að heimsækja gíginn. Verið var að vinna við flutning ýmissa aðfanga með þyrlu frá bílplani þegar óhappið varð og er því og viðbrögðum lýst í minnisblaðinu.

3.3 Kópavogsbær, ósk um greinargerð

Lagt fram erindi Kópavogsbæjar frá 22. maí 2013 þar sem óskað er greinargerðar um olíuflutninga við Þríhnúka vegna fyrirspurnar frá Hjálvari Hjálmarssyni, bæjarfulltrúa. Eftirfarandi bókun var gerð:

„Þann 8. maí s.l. varð mengunarslys við flutning á olíu í Bláfjöllum. Heilbrigðisnefnd hefur veitt leyfi fyrir aðstöðu vegna ferðaþjónustu við Þríhnúkahelli frá 15. maí 2013 til 15. september 2013. Við þá starfsemi þarf að nota færanlega rafstöð og var verið að flytja olíu til þeirra nota. Bláfjallasvæðið er á fjarsvæði A samkvæmt samþykktu skipulagi um vatnsvernd. Stærri geymslur fyrir olíur, bensín og skyld efni eru bannaðar á fjarsvæði en þar gilda ekki aðrar takmarkanir við notkun olíu en almennt eiga við til verndunar grunnvatns.”

3.4 Hafnarfjarðarbær, ósk um upplýsingar og kynningu

Lagður fram tölvupóstur Hafnarfjarðarbæjar frá 22. maí 2013 þar sem umhverfis- og framkvæmdaráð óskar eftir frekari upplýsingum um framkvæmdir við Þríhnúkagíg og aðrar fyrirhugaðar framkvæmdir á vatnsverndarsvæðinu.

„Heilbrigðisnefnd felur framkvæmdastjóra að kynna áhyggjur nefndarinnar vegna fyrirhugaðra framkvæmda við Suðvesturlínu og framkomnar óskir um frekari uppbyggingu í Bláfjöllum”

3.5 Fundarboð frá Umhverfis- og Auðlindaráðuneyti

Lagður fram tölvupóstur Umhverfis- og Auðlindaráðuneytis frá 21. maí 2013 þar sem ráðuneytið boðar til fundar þar sem farið verði yfir aðdraganda og afleiðingar þess olíuslyss sem var á vatnsverndarsvæði höfuðborgarsvæðisins í Bláfjöllum 8. maí s.l.

Eftirfarandi samþykkt var gerð:

„Heilbrigðisnefnd samþykkir að kynna Umhverfis- og Auðlindaráðuneytinu skýrslu um atvikið og tillögur um úrbætur.”

4 Kópavogslækur, bráðamengun

Lagt fram afrit úr dagbók embætti Lögreglustjóra höfuðborgarsvæðisins vegna tilkynningar um hvítan lit í Kópavogslæk. Tilkynningin barst lögreglu kl 17:29 þann 11. maí 2013.

Lagt fram minnisblað heilbrigðiseftirlitsins í Reykjavík dags. 23. maí 2013 þar sem líkur eru leiddar að því að hvítt steypuviðgerðarefni sem verið var að nota við viðgerðir á bifreiðageymslu í Seljahverfi hafi verið skolað í miklu magni í regnvatnskerfi.

Eftirfarandi samþykkt var gerð:

„Samþykkt að senda eiganda fráveitukerfisins erindi og óska eftir tillögum til úrbóta”

5 Aðalskoðun leikvallatækja og leiksvæða

Lagt fram til kynningar afrit af erindi Umhverfisstofnunar frá 24. apríl 2013 til Umhverfisráðuneytis vegna „aðalskoðunar leikvallatækja og leiksvæða skv. reglugerð nr. 942/2002, með síðari breytingum”.

Í erindinu bendir Umhverfisstofnun ráðuneytinu á að samkvæmt gögnum skoðunaraðila séu ábyrgðaraðilar leiksvæða ekki að fullnægja að fullu kröfum reglugerðarinnar um að lát fara fram árlega aðalskoðun.

Eftirfarandi samþykkt var gerð:

„Samþykkt að kynna fyrir Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu framkvæmd eftirlits svo taka megí heildstætt á málinu.”

6 Samtök heilbrigðiseftirlitssvæða

Lögð fram til kynningar fundargerð stjórnar Samtaka heilbrigðiseftirlitssvæða á Íslandi frá 13. maí 2013.

7 Vorfundur Umhverfisstofnunar og Matvælastofnunar

Kynnt umræða sem fram fór á vorfundi þann 7. og 8. maí 2013 þar sem framkvæmdastjórar heilbrigðiseftirlitssvæðanna mættu á samráðfund með Matvælastofnun, Umhverfisstofnun og ráðuneytum.

8 Styrkur brennisteinsvetnis í andrúmslofti

Lagt fram til kynningar afrit af erindi Umhverfis- og Auðlindaráðuneytis frá 23. apríl 2013 til Stýrihóps um brennisteinsvetni frá jarðgufuvirkjunum. Fram kemur að ráðuneytið telur ekki þörf á því að fresta gildistöku hertra ákvæða reglugerðar nr. 514/2010 varðandi brennisteinsvetni sem taka eiga að óbreyttu gildi þann 1. júlí 2014.

9 Önnur mál

.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18:55

Margrét Halldórsdóttir

Gísli Gíslason

Þór Ásgeirsson

Jón Bjarni Þorsteinsson

Gnýr Guðmundsson

Guðmundur Sigurðsson

Gísli Ó. Valdimarsson